

**3183. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
16. júní 2016 og hófst hann kl. 08:00**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolffson formaður, Rakel Óskarsdóttir varamaður, Valgarður L. Jónsson varamaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson varaáheyrnarfulltrúi, Rakel Óskarsdóttir varamaður, Valgarður L. Jónsson varamaður, Jóhannes K. Guðjónsson varaáheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolffson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolffson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

1. **1601010 - Fundargerðir 2016 - menningar- og safnarnefnd**  
28. fundargerð menningar- og safnarnefndar frá 17. maí 2016.  
29. fundargerð menningar- og safnarnefndar frá 31. maí 2016.  
*Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.*
2. **1603032 - Fundargerðir 2016 - Samband ísl. sveitarfélaga**  
840. fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 2. júní 2016.  
*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*
3. **1601444 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2016**  
765. mál um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2016-2019.  
785. mál um timbur og timburvörur.  
*Lagt fram.*
4. **1605045 - Grundaskóli - heimild til ráðningu fagaðila 2016-2017**  
Erindi skóla- og frístundaráðs um aukna þörf á ráðningu fagfólks vegna fjölgunar barna í Grundaskóla með miklar sérþarfir.  
*Bæjarráð samþykkir erindið.  
Kostnaðinum, samtals að fjárhæð 4,1 mkr. verður ráðstafað af liðnum óviss útgjöld 20830-4995.*
5. **1605156 - Bátahús á safnasvæði Byggðasafnsins í Görðum**  
Erindi Byggðasafnsins í Görðum þar sem óskað er eftir niðurfellingu á gatnagerðar- og þjónustugjöldum vegna bátaskýlis, samtals kr. 5.270.083.  
*Bæjarráð samþykkir framlag til Byggðasafnsins í Görðum að fjárhæð kr. 4.743.000 vegna gatnagerðar- og byggingarleyfisgjalda vegna bátahúss á safnasvæðinu.*  
  
*Bæjarráð felur bæjarstjóra að fullvinna málið í samráði við sveitarstjóra Hvalfjarðarsveitar vegna eignarhluta Hvalfjarðarsveitar og hlutdeildar í gjöldunum, samtals að fjárhæð kr. 527.083.*

GA RA

**6. 1602037 - Krafa um endurgreiðslu Akraneskaupstaðar**

Sviðsstjóri velferðar og mannréttindasviðs óskar eftir heimild til að ganga frá samkomulagi við málsaðila vegna kröfu um endurgreiðslu kostnaðar.

*Bæjarráð samþykkir erindið og kostnaðinum verður mætt af liðnum 20830-4995.*

**7. 1606082 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áfangi, breyting á nýtingahlutfalli**

Beiðni lóðarhafa um endurgreiðslu vegna breytinga á nýtingarhlutfalli í Skógarhverfi 2.

*Bæjarráð telur að samþykkt bæjarstjórnar Akraness frá 10. nóvember 2015 um breytingu á nýtingarhlutfalli einbýlishúsalóða úr 0,5 í 0,35 feli í sér skyldu Akraneskaupstaðar til endurgreiðslu gatnagerðar- og byggingarleyfisgjalda til þeirra lóðarhafa sem greitt hafa umrædd gjöld samkvæmt hærra nýtingarhlutfallinu.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

**8. 1601468 - Þjóðvegur í þéttbýli - Innnesvegur**

Erindi skipulags- og umhverfisráðs vegna Innnesvegur, þjóðvegs í þéttbýli.

*Bæjarstjóra falið að senda erindi til Vegagerðarinnar vegna Innnesvegur, þjóðvegur í þéttbýli.*

**9. 1603003 - OR - eigendanevnd 2016**

Erindi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur um tillögu að láni frá EIB bankanum.

*Bæjarráð samþykkir erindið.*

**10. 1605152 - FEBAN - ferð til Tönder**

Erindi Jóhannesar Finns Halldórssonar formanns FEBAN um fyrirhugaða ferð til Tönder í tengslum við stefnumótunarvinnu í málefnum aldraða á Akranesi.

*Bæjarráð samþykkir þátttöku í ferð FEBAN til Tönder.*

*Bæjarstjóra falið að undirbúa ferðina í samvinnu við stjórn FEBAN.*

**11. 1606083 - Reglur 2016 um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega**

Breyting á reglum um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

*Bæjarráð samþykkir í umboði bæjarstjórnar, að gildandi viðmiðunarfjárhæðir vegna lækkunar og niðurfellingar fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega árið 2016 verði svohljóðandi:*

*Hjá einstaklingum með tekjur allt að kr. 3.091.000 er 100% niðurfelling á fasteignaskatti. Niðurfellingin lækkar hlutfallslega með hækkandi tekjum og fellur niður ef tekjur fara yfir kr. 4.279.000.*

*Hjá hjónum/sambýlingum með tekjur allt að kr. 4.329.000 er 100% niðurfelling á fasteignaskatti. Niðurfellingin lækkar hlutfallslega með hækkandi tekjum og fellur niður ef tekjur fara yfir kr. 5.991.000.*



**12. 1605158 - Akralundur 6 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Uppbyggingar ehf. um byggingarlóð við Akralund 6.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar til Uppbyggingar ehf.*

**13. 1605159 - Akralundur 4 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Uppbyggingar ehf. um byggingarlóð við Akralund 4.

*RÓ viku af fundi undir þessum lið.*

*Bæjarráð getur ekki orðið við erindinu en fleiri umsóknir hafa borist í byggingarlóðina sbr. dagskrárlíð nr. 14.*

*Bæjarráð felur bæjastjóra að svara umsækjanda með ítarlegri hætti í samræmi við umræður á fundinum.*

**14. 1605186 - Akralundur 4 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Hagaflatar ehf. um byggingarlóð við Akralund 4.

*RÓ viku af fundi undir þessum lið.*

*Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar til Hagaflatar ehf.*

**15. 1606065 - Grundartangi þróunarfélag ehf.**

Stofnfundur Grundartanga Þróunarfélags ehf. fer fram fimmtudaginn 30. júní kl. 14:00 í stjórnsýsluhúsi Hvalfjarðarsveitar.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að fara með umboð Akraneskaupstaðar á fundinum.*

**16. 1605089 - Styrkir til íþróttá- og tómsfundafélaga 2016**

Skóla- og frístundaráð óskar staðfestingar bæjarráðs á úthlutun styrkja til íþróttá- og tómsfundafélaga 2016.

Styrkjum er úthlutað samkvæmt viðmiðunarreglum.

*Bæjarráð samþykkir tillögu ráðsins. Úthlutun fyrir árið 2016 til íþróttá- og tómsfundafélaga er eftirfarandi:*

*Badmintonfélag Akraness kr. 454.025*

*Björgunarfélag Akraness kr. 371.585*

*Fimleikafélag Akraness kr. 2.373.357*

*Golfklúbburinn Leynir kr. 500.475*

*Hestamannafélagið Dreyri kr. 401.633*

*Hnefaleikafélag Akraness kr. 414.620*

*Karatefélag Akraness kr. 303.757*

*Keilufélag Akraness kr. 237.510*

*Knattspyrnufélag ÍA kr. 3.273.341*

*Körfuknattleiksfélag Akraness kr. 595.583*

*Skátafélag Akraness kr. 305.024*

*Sundfélag Akraness kr. 1.400.428*

*Vélhjólaiþróttafélag Akraness kr. 268.661*

*QA RA'*

**17. 1504152 - ÍA - samráð og samstarf**

Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að Samningur um rekstur og samskipti Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalags Akraness verði framlengdur að nýju um sex mánuði eða til 31. desember 2016 þar sem samstarfsaðilar hafa ekki náð að ljúka vinnu við endurskoðun samningsins.

*Bæjarráð samþykkir erindið.*

**18. 1601050 - Vallholt 1, endurnýjun lóðarleigusamnings**

Erindi varðandi endurnýjun lóðarleigusamnings fyrir Vallholt 1, Akranesi.

*Bæjarráð frestar afgreiðslu erindisins.*

**19. 1606021 - Forsetakosningar 2016**

Ákvörðum um launagreiðslur til yfirkjörstjórnar, undirkjörstjórnar og annarra starfsmanna sem koma að framkvæmd forsetakosninga þann 25. júní næstkomandi.

*Bæjarráð samþykkir að greiðslur til kjörstjórna og starfsmanna vegna forsetakosninga 25. júní næstkomandi verði eftirfarandi:*

*Nefndafundur:*

*Formaður yfirkjörstjórnar kr. 27.307*

*Aðrir fulltrúar í yfirkjörstjórn kr. 14.457*

*Laun á kjördegi:*

*Formaður yfirkjörstjórnar kr. 88.571*

*Yfirkjörstjórn aðalmenn kr. 56.708*

*Formenn undirkjörstjórna kr. 50.412*

*Aðalmenn undirkjörstjórna kr. 39.382*

*Greiðslur til starfsmanna Brekkubæjarskóla vegna þrifa og tilfallandi starfa á kjördegi fari samkvæmt ákvæðum kjarasamninga viðkomandi starfsmanna.*

**20. 1606010 - Jörundarholti 158 - heimagisting, rekstrarleyfi**

Erindi Sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er eftir umsögn Akraneskaupstaðar vegna rekstrarleyfis fyrir gististað í flokki I, heimagisting, sem reka á að Jörundarholti 158.

*Bæjarráð samþykkir rekstrarleyfið með fyrirvara um samþykki annarra lögboðinna umsagnaraðila.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:35.**

*Ólafur Þorvaldursson*  
*Valgerður S. J.*  
*Jóhanna Karól Guðjónsdóttir*  
*Vilborg P. Guðbjörnsdóttir*  
*Róbert Ósienstóttir*  
*Ragnhildur Arnalds*  
*Samur Adalsteinsson*